

# Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Tónlistarfélags Ísafjarðar um árlegan styrk vegna greiðslu fasteignagjalda

## 1. gr.

### Samningsaðilar

Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, og Tónlistarfélag Ísafjarðar, kt. 650269-0209, Austurvegi 11, 400 Ísafirði, gera með sér svofelldan samning um styrk til vegna greiðslu fasteignaskatts og lóðarleigu vegna fasteignarinnar að Austurvegi 11 á Ísafirði.

## 2. gr.

### Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal veita Tónlistarfélagi Ísafjarðar árlegan styrk sem nemur álögðum fasteignagjöldum af fasteigninni að Austurvegi 11, Ísafirði, fastanúmer 211-9174 (tónlistarskóli).

Samningur þessi tekur gildi frá og með álagningu ársins 2022 og gildir í tíu ár. Til hliðsjónar er álagning ofangreindra gjalda á árinu 2022 eftirfarandi:

Fasteignaskattur	kr. 1.446.720
Lóðarleiga	kr. 285.900
Holræsagjald	kr. 263.040
Vatnsgjald	kr. 263.040
Sorpgjald	kr. 0
Alls	kr. 2.258.700

Styrkur Ísafjarðarbæjar myndar ekki eignarhluta í húseigninni að Austurvegi 11 á Ísafirði.

## 3. gr.

### Skyldur Tónlistarfélags Ísafjarðar

Tónlistarfélag Ísafjarðar skal standa að rekstri Tónlistarskóla á Ísafirði að Austurvegi 11, 400 Ísafirði, ásamt tónlistarkennslu í öðrum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar.

Tónlistarfélagið skal tryggja að húsinu sé haldið við á viðunandi hátt.

## 4. gr.

### Vanefndir

Vanefni Tónlistarfélag Ísafjarðar skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi. Veruleg vanefnd gæti t.a.m. verið að rekstri Tónlistarskóla í sveitarfélaginu verði hætt í einum eða fleiri bæjarkjörnum.

**5. gr.**

**Önnur ákvæði**

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður,

apríl 2022

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Tónlistarfélags Ísafjarðar

Birgir Gunnarsson  
bæjarstjóri

Steinþór Bjarni Kristjánsson  
stjórnarformaður

Vottar að rétti dagsetningu og  
undirritun aðila:

---

---